Meðgöngu- og foreldravernd - Viðauki við sjúkdómatryggingu

Skilmáli VL-4

Sjúkdómatrygging veitir fjárhagslega vernd komi til alvarlegra sjúkdóma sem tryggingin tekur til. Samkvæmt þessum viðauka er gildissvið sjúkdómatryggingarinnar víkkað þannig að hún tekur einnig til ákveðinna læknisfræðilegra atvika sem geta komið upp á meðgöngu eða við fæðingu. Auk þess er tryggðum veittur aðgangur að sálrænum stuðningi í formi stuðningssamtala þegar tryggður verður fyrir áföllum í tengslum við meðgöngu eða fæðingu.

Um trygginguna gilda tryggingarskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar sjúkdómatrygginga félagsins, viðauki þessi, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í viðauka þessum ganga framar ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Skilgreiningar

Áfall: Atburður sem veldur sterkum streituviðbrögðum hjá einstaklingi og leiðir til þess að hann þjáist af sálrænum kvillum í kjölfarið.
Félagið: Vörður líftryggingar hf.
ICD: Alþjóðleg flokkun sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála. Skilgreiningar þær sem koma fram á sjúkdómum í skilmálum þessum eru frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) sem heldur sérstakar vefsíður um ICD-10 og reglulegar uppfærslur þess. Uppfærslur hér á landi taka mið af fyrirmælum WHO um gildistöku þeirra.
Slys: Skyndilegur, utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama tryggðs og gerist án vilja hans.
Tryggingartaki: Sá einstaklingur sem gerir einstaklingsbundinn samning við félagið.
Tryggður: Sá einstaklingur sem tryggingin tekur til.
Tryggingaratburður: Atvik sem samkvæmt tryggingarsamningi veldur því að til greiðslu getur komið
Tryggingarskírteini: Staðfesting félagsins á því að tryggingarsamningur hafi verið gerður.

1. Kafli. Meðgöngu- eða fæðingartengd atvik

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin greiðir tryggingarfjáræð í formi eingreiðslu ef eitthvað af eftirtöldu gerist á meðgöngu eða við fæðingu. Bætur greiðast aðeins einu sinni á hverri meðgöngu til tryggðs, sem er eða var barnshafandi, þótt upp komi fleiri en eitt bótaskylt tilvik. Tryggingarfjárhæð kemur fram á skírteini sjúkdómatryggingar sem þessi viðauki tilheyrir.

Bætur greiðast ef eitt af eftirfarandi atvikum eða greiningum á sér stað á meðgöngu eða við fæðingu:

a. Meðgöngueitrun
Bætur eru greiddar ef upp kemur meðgöngueitrun hjá barnshafandi (ICD O14 eða O15).

b. Utanlegsfóstur sem krefst aðgerðar
Ef fóstur festist utan legsins og þarf að fjarlægja með skurðaðgerð eða beita þarf lyfjameðferð til að fjarlægja utanlegsfóstur (ICD O00).

c. Missir á meðgöngu eftir 14+0 viku
Bætur eru greiddar þegar missir á meðgöngu á sér stað eftir 14+0 viku meðgöngu (ICD O02-O03) eða þungunarrofs sem rekja má til staðfestrar greiningar á alvarlegu fráviki hjá fóstri (ICD O28).

d. Alvarleg morgunógleði
Hér er átt við sjúkleg ógleði og uppköst sem krefst innlagnar á sjúkrahús eða vökvagjöf í æð og skilgreind sem alvarleg morgunógleði (Hyperemesis gravidarum ICD O21.1) .

e. Alvarleg blæðing eftir fæðingu
Bætur greiðast ef læknisfræðilegar upplýsingar frá fæðingardeild staðfesta að blóðtap hafi verið ≥1.500 ml í tengslum við fæðingu (ICD O72).

f. Alvarleg spangarrifa
Með alvarlegri rifu er átt við 3. og 4. stigs spangarrifu, sem hægt er að staðfesta með læknisfræðilegum gögnum frá fæðingardeild (ICD O70.2 eða O70.3).

a. Innovating fylgja
Þegar fylgja vex óeðlilega djúpt inn í legvegginn og losnar ekki eðlilega eftir fæðingu (ICD O43.2).

g. Fylgjulos
Ef fylgjan losnar fyrir fæðingu barns greiðast bætur (ICD O45).

h. DIC (dreifð blóðstorknun)
Ef alvarleg truflun á blóðstorknun á sér stað í tengslum við fæðingu greiðast bætur (ICD O72.3, D65).

2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið greiðir ekki bætur vegna:

a. Sjúkdóma eða kvilla sem voru til staðar áður en viðauki þessi tók gildi, þar á meðal greiningar eða einkenni sem má rekja til ástands sem hófst fyrir meðgöngu. Einnig tekur verndin ekki til ástands sem kemur upp á ný eða versnar á meðgöngu- eða fæðingartímabili vegna fyrra ástands.

b. Þungunarrofs af öðrum ástæðum sem nefndar eru að ofan.

c. Annarra tilvika eða sjúkdóma en þeirra sem tilgreindir eru sérstaklega í viðauka þessum.

d. Sjúkdóma, líkamságalla eða annarra kvilla sem að einhverju leyti má rekja til neyslu áfengis, lyfja eða vímuefna.

e. Sjúkdóma eða kvilla sem eiga rót sína að rekja til fegrunar- eða lýtaaðgerða á meðgöngu.

3. gr. Almenn ákvæði

a. Bætur vegna meðgöngu- og fæðingartengdra atvika eru greiddar einu sinni vegna hverrar meðgöngu, óháð fjölda tryggingarskírteina sem tryggður kann að eiga í gildi.

b. Þegar bætur hafa verið greiddar vegna tiltekins atviks eru bætur ekki greiddar aftur á næstu meðgöngu tryggðs vegna sama atviks.

c. Það er skilyrði fyrir bótarétti samkvæmt þessari vernd að staðfesting læknis, ljósmóður eða sérfræðings á meðgöngu- eða fæðingartengdu atviki liggi fyrir.

d. Verndin gildir aðeins á meðan sjúkdómatrygging tryggðs er í gildi. Engar bætur greiðast vegna atvika sem eiga sér stað áður en tryggingin tekur gildi eða eftir að tryggingin fellur úr gildi.

e. Félaginu er heimilt að afla upplýsinga um fyrra heilsufar tryggðs ef slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til að meta rétt tryggðs til bóta. Félagið greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við tryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins.

2. Kafli. Meðfætt heilsufarsástand barns

4. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin greiðir tryggingarfjáræð í formi eingreiðslu til tryggingartaka ef barn tryggðs greinist með eitt af eftirfarandi, að því gefnu að greiningin sé staðfest innan 12 mánaða frá fæðingu barns. Tryggingarfjárhæð kemur fram á skírteini tryggðs.

Réttur til bóta hefst ekki fyrr en að lágmarki 30 dögum eftir að greining hefur verið staðfest af sérfræðilækni.

Bætur eru greiddar vegna:

a. CP-heilalömun
Greining á heilastjarfaferlömun sem staðfestir varanlega hreyfihömlun af völdum skemmda á miðtaugakerfi (ICD G80).

b. Vatnshöfuð
Meðfætt vatnshöfuð sem krefst læknisfræðilegrar meðferðar, s.s. skurðaðgerðar eða varanlegrar eftirlits (ICD Q03).

c. Klofinn hryggur
Greining á klofnum hrygg sem felur í sér taugafræðilegar afleiðingar og/eða þörf á skurðaðgerð (ICD Q05).

d. Meðfæddir hjartagallar
Hjartagallar sem krefjast skurðaðgerðar innan fyrstu 6 mánaða lífs barnsins (ICD Q20–Q26).

e. Holgómi og klofin vör
Greining á klofinni vör og/eða gómi sem krefst skurðaðgerðar og/eða sértækrar meðferðar (ICD Q35–Q37).

f. Alvarleg meðfædd byggingarfrávik í kviðvegg eða þind
Greining á meðfæddum göllum sem krefjast tafarlausrar skurðaðgerðar eftir fæðingu (ICD Q79.2, Q79.3).

g. Litningarfrávik
Meðfædd fötlun eða litningarfrávik, staðfest með erfðafræðilegri greiningu og krefst langvarandi umönnunar (ICD Q00-Q99).

h. Klumbufótur eða alvarlegt útlimafrávik
Greining á klumbufæti sem krefst gifs meðferðar eða skurðaðgerðar (ICD Q66.0, Q66.1, Q66.4) eða vöntun á útlim (ICD Q71-72).

i. Alvarlegur súrefnisskortur
Alvarlegur súrefnisskortur í fæðingu sem leiðir til kælimeðferðar (ICD P21.0).

Sjaldgæfir sjúkdómar
Þótt meðfæddur sjúkdómur falli ekki undir þær greiningar sem að ofan greinir greiðir tryggingin samt sem áður bætur vegna sjaldgæfra, lífshættulegra og arfgengra sjúkdóma hins tryggða barns eða vegna alvarlegs slyss sem verður á barni í móðurkviði eða við fæðingu.

Til þess að bætur séu greiddar vegna sjaldgæfs sjúkdóms eða slyss verða tvö af eftirfarandi skilyrðum að vera uppfyllt:

1. Staðfest læknisfræðileg greining.
2. Sjúkdómurinn/slysið verður að fela í sér skertar lífslíkur og langvarandi umönnunarþörf.
3. Sjúkdómurinn/slysið verður að fela í sér líkamlegar eða líffræðilegar truflanir sem valda alvarlegri skerðingu á lífsgæðum og/eða færni.

5. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

a. Heilsufarsástand barns sem var til staðar áður en viðauki þessi tók gildi, þar á meðal greiningar eða einkenni.
b. Tryggingarfjárhæðin er aðeins greidd fyrir eina af greiningunum sem taldar eru upp hér að ofan, jafnvel þótt barnið sé með fleiri greiningar og jafnvel þó fleiri en eitt skírteini eru í gildi hjá tryggðum.
c. Skilyrði fyrir bótagreiðslu er að barnið lifi í 30 daga frá því að það greinist með sjúkdóm, aðgerð var framkvæmd eða annar tryggingaratburður átti sér stað.

3. Kafli. Stuðningssamtöl

6. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin veitir tryggðu foreldri að hámarki fimm stuðningssamtöl á hverri meðgöngu hjá þjónustuaðila sem félagið tilgreinir hverju sinni og greiðir kostnað fyrir. Hér er átt við að allir foreldrar geti nýtt sér samtölin, óháð því hver ber barnið. Viðtölin geta verið einstaklingsviðtöl, meðferðarsamtöl eða sambærileg þjónusta sem miðar að því að styðja tryggðan við að vinna úr áfalli, erfiðleika eða alvarlegri lífsreynslu í tengslum við meðgöngu eða fæðingu.

7. gr. Réttur til bóta

Réttur til stuðningssamtala stofnast ef tryggður verður fyrir einu af eftirfarandi á meðgöngu eða í fæðingu:

a. Bótaskyldu atviki samkvæmt 1. eða 2. kafla tryggingarinnar.
b. Meðgöngu- og fæðingarþunglyndi (ICD F53).
c. Missi á meðgöngu fyrir 14+0 meðgöngutíma (ICD O01-O03, O36.4).
d. Erfið eða áfallatengd fæðingareynsla.
e. Bráðakeisaraskurður (ICD O82.1).
f. Ofbeldi í nánu sambandi.
g. Afleiðingar leka á mænuvökva við mænurótardeyfingu (t.d. spinal höfuðverkur) (ICD G97.0).
h. Mjög ótímabær fæðing, þ.e. barn fæðist fyrir 32+0 viku meðgöngutíma og hafi þurft innlögn á spítala eftir fæðingu vegna ótímabærs þroska (ICD P07).
i. Fjölburaþungun fleiri en tvö börn (ICD O30.2, O30.3).
j. Við missi á meðgöngu getur tryggður einnig óskað eftir stuðningssamtölum fyrir börn tryggðs að teknu tilliti til aldurs og aðstæðna.

8. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Félagið veitir ekki stuðningssamöl vegna:

b. Áfalla eða sjúkdóma sem hófust áður en tryggingin tók gildi eða verndin hófst.
c. Annarra atvika eða sjúkdóma en þeirra sem sérstaklega eru tilgreindir sem bótaskyld í þessum skilmálum.

9. gr. Almenn ákvæði

a. Annar aukakostnaður sem kann að falla til vegna meðferðar eða atvika, svo sem ferðakostnaður eða sambærilegur kostnaður, er ekki greiddur úr tryggingunni.
b. Nauðsynlegt er að tilkynna félaginu um atburðinn til að fá samþykki fyrir meðferðinni.
c. Félagið ber ekki ábyrgð á gæðum eða árangri þjónustunnar, heldur einungis á því að tryggður fái úthlutaðan tíma hjá samningsbundnum þjónustuaðila innan eðlilegs tíma.

Viðauki þessi gildir fyrir sjúkdómatryggingar hjá Verði líftryggingum hf. með eftirfarandi skilmálanúmer: L-2, L-4, L-8, L-10, L-19, EC-1002, EC-1014, EC-1018, EC-1019, EC-1021, EC-1022, EC-1023, EC-1024, EC-1025, EC-1027, EC-1028, EC-1031, EC-1032, EC-1034, EC-1039, EC-1055, EC-1073, HC-1004, HC-1005, HC-1012, HC-1060

Viðauki þessi gildir frá 15.10.2025